



Skagafjörður

Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 • 550 Sauðárkrúki • S: 455 6000 • F: 455 6001 • Netf: skagafjordur@skagafjordur.is • Kt.: 550698-2349 • Vsknr. 60077

Alþingi
Erindi nr. P /39/3014
komudagur 18.8.2011

Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Skagafjörður, 18. ágúst 2011
nr. erindis 1106140 HSB

Á 563. fundi Byggðarráðs Skagafjarðar 18. ágúst 2011 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 827. mál.

Lagður fram tölvupóstur frá nefndasviði Alþingis, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (heildarlög), 827. mál, sem er til umræðu í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis. Óskað er að umsögnin berist fyrir 20. ágúst 2011. Frestað erindi frá 562. fundi byggðarráðs.

Jón E. Friðriksson framkvæmdastjóri FISK-Seafood hf. kom til viðræðu undir þessum dagskrárlið og vék síðan af fundi.

Byggðarráð samþykkir svohljóðandi bókun:

"Mikilvægt er að kveðið sé á um það í lögum að nytjastofnar við Ísland séu í óskoraðri þjóðareign og að réttur sjávarbyggða og íbúa þeirra verði tryggður gagnvart nýtingu auðlindarinnar. Þá þarf að vera tryggt að atvinnugreininni sé búið nauðsynlegt rekstraröryggi ásamt því að gætt sé að hagkvæmnissjónarmiðum í þeirri umgjörð sem sjávarútvegi er búið af hálfu stjórnvalda.

Byggðaráð Skagafjarðar leggur áherslu á að ekki verði gerðar neinar þær breytingar á lögum er varða sjávarútveg, sem er ein mikilvægasta atvinnugrein héraðsins, er orðið geti til að veikja stöðu byggðalagsins. Grundvallar markmið lagabreytinga þarf að vera að styrkja veiðar og vinnslu í sjávarbyggðum og auka búsetuöryggi á svæðum sem byggja afkomu sína að stóru leiti á sjávarútvegi."

Sigurjón Þórðarson óskar bókað: "Fulltrúi Frjálslynda flokksins átelur stjórnvöld fyrir hversu óvandaður undirbúningur frumvarpsins er sem snýr að löggjöf og kerfi sem hefur fengið falleinkunn hjá Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna, þar sem kvótakerfið brýtur í bága við jafnræði borgaranna. Undirbúningur ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna fólst annars vegar í því að setja á fót svokallað sáttanefnd um sjávarútvegs mál sem í sáttu að stærstum hluta fulltrúar hagsmunasamtaka sem hafa eða telja sig hafa hag að óbreyttu kvótakerfi og hins vegar var sett á fót nefnd sérfræðinga sem hafði það hlutverk að endurskoðaða líffræðilegar forsendur aflaráðgjafarinnar en í þeirri nefnd sátu að stærstum hluta fulltrúar hagsmunaaðila auk þeirra sérfræðinga sem bera ábyrgð á og stýra þeirri



Skagafjörður


Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 • 550 Sauðárkróki • S: 455 6000 • F: 455 6001 • Netf: skagafjordur@skagafjordur.is • Kt.: 550698-2349 • Vsknr. 60077

nýtingarstefnu sem nefndin átti að endurskoða! Í stuttu máli þá ber frumvarpið með sér að framangreindur undirbúningur var ekki upp á marga fiska."

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. Byggðarráðs Skagafjarðar


Helga S. Bergsdóttir
Stjórnsýsluritari

 Skagafjörður